


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3	Uppeldisfræði 103 (UPP 103)	
	Námsáætlun vorönn 2016	

Kennari	Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir	Sk.st.	HRS
	Valgerður Dögg Jónsdóttir		VAL

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á kynningu á fræðigreinininni uppeldis- og menntunarfræði, fjallað um sögu og hagnýtingu. Hugtakið uppeldi er tekið til umræðu og gildi uppeldis fyrir einstakling og samfélag. Mismunandi viðhorf til mannlegs eðlis eru skoðuð í ljósi mismunandi viðhorfa til uppeldis og menntunar í Evrópu síðustu aldir. Nemendur kynnast hugmyndafræði og uppeldisaðferðum nokkurra þekktara uppeldisfræðinga sem hafa haft áhrif á uppeldis- og skólastarf í Evrópu. Þeirra á meðal eru Rousseau, Vygotsky, Fröbel, Margrét Pála, Montessori og Dewey. Nemendur læra um þroskaferil barna og unglunga, áherslur á þróun sjálfsins, vitsmuna-, siðgæðis- og félagsþroska. Má þar nefna Piaget, Freud, Kohlberg og Selman. Fjallað verður um kynhlutverk og helstu birtingamyndir s.s. í fjölskyldum, fjölmiðlum, auglýsingum o.s.frv. Mikilvægi hreyfingar, næringar og svefnis fyrir börn og unglunga. Samskipti og breytingar í lífi fjölskyldunnar eru skoðaðar og samskipti almennt t.d. í vinahópum, íþróttafélögum og skólum. Mikilvægt er að nemandinn fái hjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum við að leita upplýsinga, vinna úr gögnum, kynna niðurstöður skriflega og/eða munnlega, einnig er lögð áhersla á samvinnu.


Markmið:

Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum
- gildi uppeldis fyrir einstakling og samfélag
- aðalatriðum í sögu uppeldis og menntunar
- grundvallarhugmyndum nokkurra uppeldisfræðinga
- leiðum til að útskýra þroskaferil barna
- kynhlutverkum og áhrifum samfélagsmiðla
- mikilvægi alhliða hreyfingar og heilbrigðra lífshátta
- mikilvægi jákvæðra samskipta í fjölskyldum og samfélaginu almennt
- meginþáttum í leikskólastarfsemi

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- miðla eigin hugmyndum um uppeldi
- meta ólík sjónarmið til uppeldisaðferða

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 3	Uppeldisfræði 103 (UPP 103)	Námsáætlun vorönn 2016

- greina áhrif auglýsinga, kvikmynda, tónlistar o.fl. á hugmyndir um staðalmyndir og kynhlutverk
- skoða mismunandi framboð á íþrótt- og tómskundastarfi fyrir börn og unglínga
- greina vandamál sem koma upp í samskiptum barna, unglínga og fullorðinna
- skoða innra starf leikskóla

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- leggja gagnrýnið mat á hvað er líklegt til árangurs í uppeldi barna og unglínga
- hagnýta þær kenningar sem fjallað hefur verið um og sett fram í raunhæfum verkefnum
- yfirfæra umfjöllun um áhrif samfélagsmiðla á eigið líf
- leysa þau vandamál sem upp geta komið í samskiptum á ábyrgan hátt og setja sig í spor annarra
- taka þátt í málefnalegum umræðum um uppeldi og færa skýr rök fyrir afstöðu sinni
- meta eigin frammistöðu og vinnuframlag sem og annarra á gagnrýninn hátt og setja fram þekkingu sína í ræðu og riti

Námsgögn:

Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir: *Uppeldi, kennslubók fyrir framhaldsskóla*, 2006. Mál og menning. Kaflar: 1 – 5. **Annað kennsluefni** afhent í tíma. **Kennslutilhögun:** Fyrirlestrar, myndbandssýningar, umræður og verkefni.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
1	Farið yfir námsáætlun - Kynning á áfanganum	
1	1. kafli: Uppeldi – Uppeldisfræði	Verkefni um almennt uppeldi 5% Umræður
2 – 3	2. kafli: Uppeldi og menntun í aldanna rás.	Kynning 10% Moodlepróf úr 2. kafla 10% Umræður
4 – 5	3. kafli: Þroskaferill barnsins	Tilraun 5% Verkefni um tilfinningaþroska 5% Umræður
6	Hreyfing, næring og svefn barna og unglínga	Skýrsla 5%
7	Tímaritsgreinar og aðrar greinar um uppeldi og menntun	Greinagerð með rökstuðningi 10%
8 - 9	4. kafli: Kynhlutverk og uppeldi	Verkefni – Hugtök 10% Umræður Próf úr köflun 3-4. 10%

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Síða 3 af 3		
Uppeldisfræði 103 (UPP 103)		
Námsáætlun vorönn 2016		

10	Þemavika VMA	
10 - 11	Samfélagsmiðlar	Þemaverkefni 10%
12	Þáskafri	
13	5. kafli: Samskipti foreldra og barna	Handrit að leikriti 5%
14	13. kafli: Hjónaskilnaðir	Verkefni 5% Próf úr 5. og 13. kafla (10%)
15 - 17	Vinna við lokaverkefni	Lokaverkefni 10% Skil: 22. apríl 2016
17-18	Kynningar á lokaverkefnum	

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Í verkefnum annarinnar fá nemendur nokkuð frjálsar hendur um efnistöð og framsetningu. Sjá nánar í vikuskiptingu námsáætlunar.	80%
Próf	3 próf á önninni (2 bestu gilda til einkunnar, 10% hvort)	20%

Birt með fyrirvara um breytingar.

Verkefnaskil:


- Verkefni skal vinna af vandvirkni (inn á moodle).
- Verkefni skal skila á tilsettum tíma (sjá fylgiblað).

Tæknin:

- Tölvur, símar og annað slíkt er aðeins leyft sem námstæki og samþykki kennara.

Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir (hrabba@vma.is)

Valgerður Dögg Jónsdóttir (vala@vma.is)

Dagsetning: 8. jan '16

 Undirritun kennara

8/1/16 
 Undirritun/brautarstj., fagstj eða staðgengils

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Félags - og hugvísindabraut

Reglur um verkefnaskil

1. Öll verkefni sem gilda til einkunnar skulu tilgreind í námsáætlun hvers áfanga. Þar skal koma fram í hvaða efnisþætti eða lotu á að skila viðkomandi verkefnum sem og vægi þeirra.
2. Nemendum sem eru undanþegnir mætingaskyldu skulu fylgjast með skiladögum einstakra verkefna og ber þeim að virða þá.
3. Kennurum er heimilt að veita lengri skilafrest vegna veikinda, hafi þau verið tilkynnt áður en skilafrestur rann út.
4. Kennurum er ekki heimilt að veita lengri skilafrest vegna vinnu, íþrótta, félagsmála eða ferðalaga nema það samræmist reglum skólans um undantekningar þar á.
5. Ef vanskil verða lækka einkunnir verkefna sem gilda 10% eða meira sem hér segir:
1 virkur dagur: 0,5
2 virkir dagar: 1
3 virkir dagar: 1,5
4 virkir dagar: 2
5 virkir dagar: 2,5
Eftir þessa fimm daga hafa nemendur viku til að skila verkefni, en eftir það verður ekki tekið við því.

Athugið að samkvæmt námsmatsreglum skólans verður nemandi að skila öllum námsmatsþáttum til að standast símatsáfanga.

Kennarar á félags - og hugvísindabraut VMA

